



Zinaxin™
ENBIFERHYLKI

staðlaður engifer-ekstrakt gegn stírdleika og bólgu í liðum



Jóna Vestmann

Ég hef haft slitigt í tuttu ári, fyrst í mjóðmum og síðar í fingrum. Því fylgir mikill stírdleiki, sérstaklega á morgnana og hef ég átt í erfiðleikum með að vinna ýmis verk, t.d. að skrúfa tappa og lok. Þrem vikum eftir að ég byrjaði að taka Zinaxin fann ég að stírdleikinn í fingrunum hafði lagast mikið og eftir fimm vikur hafði stírdleikinn í líkamanum á morgnana minnkað til muna. Ég á nú mun auðveldara með að vinna öll þau verk sem voru erfið áður. Ýmis lyf sem ég hef þurft að taka, hafa valdið mér óþægindum í maga, en ég finn engar aukaverkanir af Zinaxin sem ég tek ég inn í miðri máltíð.

Fæst í apótekum og lyfjaverslunum

Lokaverkefni flutt

TÓNLEIKAR tónfræðadeildar Tónlistarskólans í Reykjavík verða í Nes Kirkju á laugardag kl. 17. Þar verða frumflutt tvö verk eftir Þóru Marteinsdóttir og Stefán Arason og eru þetta lokaverkefni þeirra frá tónfræðadeild.

Verk Þóru heitir Stjörnuþjart og er samið fyrir kammerhljómsveit og tvær söngkonur við ljóð eftir Valgerði Benediktsdóttur. Nemendur í söngdeild skólans, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir sópransöngkonur, syngja.

Verk Stefáns heitir 10-11 og er samið fyrir 15 manna strengjasveit og pianó. Pianóleikari er Eva Pýri Hilmarsdóttir. Stjórnandi beggja verkanna er Gunnsteinn Ólafsson.

Á tónleikunum verður einnig flutt Prenning fyrir strengjatrío, en höfundur þess er Pétur Þór Benedikts-son, nemandi á 1. ári í tónfræðadeild. Stabat Mater eftir Giovanni Pergolesi verður flutt af strengjasveit og tveir nemendur úr söngdeild skólans, Margrét Sigurðardóttir og Ása Fanney Gestsdóttir munu syngja.

LISTIR

Tár


MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsinu

MYNDVERK/
INNSETNING
JOHN ISAACS

Opið föstudaga–miðvikudaga
11–18. Fimmtudaga 11–19.

Aðgangur 400 krónur í allt húsið.



John Isaacs, Tár, ljósmynd/málverk.

TEYGST hefur í margar skilgreindar sem óskilgreindar áttir úr hugtakinu samtímalist á næstliðnum áratugum og stöðugt meir sem dró að aldaskilum, – var lengstum skilgreint sem öll framsækin myndlist frá styrjaldarlokum 1945. En það má vera augljóst að ný öld skapar þörf fyrir nýjar og klárar skilgreiningar, og hvert sé yfirhöfuð eðli myndlistar, og henni markaður sýnilegur rammi. Menn fara til að mynda ekki á tónleika eða kvikmyndahúsi til að skoða málverk og höggmyndir og þannig kemur fastagestum á myndlistarviðburði iðulega spáskt fyrir sjónir að sjá það sem innfyrir dyr sýningarsala ratar í nafni myndlistar. Hefur svo fælt fjölda manna frá nýlistasöfnun og listhúsum, ekki ósvipað og almenning frá pólitískri vitund sbr. kosningabátttöku víða um heim. Listin hefur þannig líkt og stjórnmálaumræðan fjarlægst almennung, hvað sem liður heimspekilegum fullyrðingum um hið gagnstæða. Er svo er komið virðist sem listamenn leitist víðast hvar við að reyna að rjúfa skörð í þessa múra sem hlaðist hafa upp á undangengnum áratugum, þó með umdeilanlegum aðferðum.

Sýning, eða réttara sagt innsetning hins breska Johns Isaacs í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, er gott dæmi um listamann af yngri kynslóð, sem leitast við að vekja áhuga og forvitni almennings með áhrifaríkum hætti og notar til þess ólíka og óvænta miðla. Maður hefur meira á tilfinningunni að vera kominn inn í diskótek, furðurými í fjölleikahúsi eða skemmtigarði, tívolí, en myndlistarsýningu, og vissulega grípur gjörningurinn fólk líkt og svo margt á slíkum stöðum. Annars vegar hryllingur í formi sjálfs-

myndar listamannsins, sem er líkust skrokki í miðju vinnslustigi í sláturhúsi eða öllu heldur hálfri uppréttari mannsmynd eftir ræki-lega beitingu skurðarhnífsins við krufningu í rannsóknarstofu sjúkrahúss. Hins vegar upphafnar furðir í formi lýsingar, dularfullrar sjónhverfingar í ljósmynd/málverki af undurfallegri stúlku, litríkra blaðra á gólfi og loks tungls sem veður í skýjum. Þetta skapar viðbrögð, sem vega salt á milli undrunar, viðbjóðs, addáunar og brenglunar á tímaskyni. Hér er leikið á skynfærin líkt og hljóðfæri, firrð og forgengileika slengt á vit sýningargestsins og skynfæra hans. Þegar gesturinn hefur verið inni um stund verður það að lokum málverkið og táríð á vinstra hvarmi stúlkunnar sem athyglin beinist helst að, en þar er um undirfurðulega og snjalla sjónhverfingu að ræða sem fær hann til að klóra sér ráðþrota í höfðinu. En rétt er það, að sjónhverfingin hefur fylgt málverkinu frá upphafi vega, líkt og sjónhverfingin í náttúrunni sjálfri, ekkert er alveg eins

og það sýnist ef nánar er að gætt og kannski er það kjarninn í þessum hrollkennda en um leið í bland heillandi gjörningi.

Hér er vel og fagmannlega að verki staðið og ekki vantar heimspökina að baki: „Eftir því sem „sjálfs“-mynd okkar verður stöðugt mótaðri af smásjóni, sjónaukanum, tölvunni, virðist sem eitthvað vanti á heildarmyndina. Ef lítið er á vélbúnaðinn sér maður gangverkið, en hugurinn skapar aðrar myndir. Við erum augljóslega lifandi, og það er jafn augljóst að hvert okkar er að skapa sinn eigin heim kringum sig, jafnt raunverulegan sem andlegan, en getan til að tjá þennan heim er háð tungumálum, sem ræður möguleikanum á samskiptum og túlkun. Ég meina þetta ekki heimspekilega samkvæmt skilgreiningu enn einnar kenningarinnar, ég meina þetta einfaldlega


eins og það er, sem er eins og það er, og ekkert annað. Einangrun hvers persónuleika, tilvist sálarinnar, verður mikilvægari vegna þess að ekki er minnst á hana í sögunni, í tungumálinu. Það er sammanlegt leyndarmál að til er eitthvað mannelegt, eitthvað völdugt sem er.“

John Isaacs veltir mörgu fyrir sér eins og framanskráð er til vitnis um og sennilega ætti gesturinn að lesa hugleiðingar listamannsins áður en hann myndar sér skoðun um gjörninginn, en þó með fyrirvara. Það er útgeislanin, tilfinningarnar og hin beinu skynrænu áhrif tjáningarinnar sem ráða úrslitum um skilning á listaverki, líkt og skáldið Pablo Neruda orðaði það og bætti við; nákvæmar skilgreiningar og fræðilegar útlistanir rýra töfra þess. Átti hér að vísu við ljóð, en er fullgilt varðandi allar skapandi athafnir, sem eru hluti þess sem aldrei verður að fullu skilgreint, frekar en sjálfur lífsneistinn.

Bragi Ásgeirsson

Þekking skilningur færni

Kennaramenntun
til kennsluréttinda
í myndlist og hönnun



Viðbótarnám

Umsóknarfrestur til 3. maí · Sjá vefslóð www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

Í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands

INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR



SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í KÖGUN HF.

Mánudaginn 30. apríl 2001 verða hlutabréf í Kögun hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Kögunar hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verða engin viðskipti með hlutabréf félagsins þann dag. Frá þeim tíma ógildast hin ápreifanlegu hlutabréf í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Kögun hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Kögunar hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Kögunar hf., Lynghálsi 9, 110 Reykjavík eða í síma 580-9200. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyrirtæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. fyrir skráningardag.

Athygli hluthafa er vakin á að hin ápreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum sjálfum skráningardegnum.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun mun í þessu skyni stofna VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa.

Hluthöfum félagsins hefur verið kynnt þetta bréfleiðis.

Stjórn Kögunar hf.